

Akureyri 29. janúar 2020.

5. fundur stjórnar samtaka um Jákvæðan aga.

Netfundur hefst 17:30.

Mættir eru: Ágúst Jakobsson formaður, Aníta Jónsdóttir gjaldkeri, Jónína Hauksdóttir ritari, Berglind Bergvinsdóttir varamaður í stjórn.

Aðalfundur samtakanna.

Stungið er upp á 14. mars 2020 og er sú dagsetning samþykkt. Tímasetning kl. 11:00 – 13:00. Staðsetning Naustaskóli.

Þýðingarmál.

Ágúst er byrjaður á að þýða handbókina fyrir grunnskólann. Hann setur sig í samband við Kristínu Sigurðardóttur kennara í Naustaskóla upp á samvinnu við þýðingar. Jónína er einnig byrjuð á leikskólahandbókinni og mun Helga Jóns vinna það verkefni með henni.

Varðandi þýðingu á grunnbókinni, Ágúst leitaði til Forlagsins til að kanna áhuga á að þýða bókina. Forlagið ætlar að kanna málin og leggja fram hugmyndina fyrir ritstjórnarfund, óskað var eftir eintaki af bókinni.

Fréttabréf

Drög að fréttabréfi voru send stjórn til yfirlestrar. Allir mjög sáttir við drögin og mun Ágúst senda fréttabréfið út í tölvupósti auk þess að deila því á FB.

Námskeið.

Skráning á námskeið í mars er hægt, 2 komnir á leikskólanámskeiðið og 1 á grunnskólanámskeiðið enn sem komið er. Jónína stingur upp á því að Ágúst sendi sér leikskólanetföngin svo hún geti sent auglýsingu beint í leikskólana og að Aníta og Ágúst sendi auglýsingu beint á grunnskólana. Aníta bendir á að öll netföng eru inn á Dropboxinu góða.

Vefsíðan.

Hver er framtíðin með hana, hvað viljum við hafa inn á síðunni? Viljum við skoða önnur kerfi s.. Teams. Ákveðið að hafa vinnufund 14. mars eftir aðalfund til að ræða málin.

Önnur mál.

Ágúst fer út til San Jose í Californíu á 1. stjórnarfundinn 16. febrúar.

Búið er að opna fyrir skráningu á Think Tank í Atlanta, Ágúst fer þangað sem stjórnarmeðlimur.

Enn eru útistandandi reikningar eftir námskeiðið með Nadine og ætlar Aníta aðeins að skoða þau mál.

Fundi slitið 17.55